



HRUNAMANNAREPPUR

78. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

19. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 20. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrábreytingatillögu um að við bætist eftirfarandi liðir: liður 2, fundargerð 14. fundar Umhverfisnefndar og liður 21, bréf frá formanni Hestamannafélagsins Jökuls. Tölusetning annarra dagskráliða breytist til samræmis. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. **Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 6. fundar frá 10. nóvember 2025.**

Lögð fram fundargerð 6. fundar Afmælisnefndar 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. **Umhverfisnefnd: Fundargerð 14. fundar frá 21. október 2025.**

Lögð fram fundargerð 14. fundar Umhverfisnefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

3. **Fundargerð 313. fundar skipulagsnefndar frá 12. nóvember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. nóvember sl.**

Lögð fram fundargerð 313. fundar skipulagsnefndar frá 12. nóvember 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. nóvember sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 25. Hverabakki 2: Skilgreining byggingarreita; Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Hverabakka 2 L166774 í Hrunamannahreppi. Í skipulaginu felst að skilgreindir eru byggingarreitir fyrir núverandi gróðurhús og nýir byggingarreitir fyrir fyrirhugaða stækkun á gróðurhúsum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

HTJ ARJ JGS BL

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 26. Hrafnkelsstaðir 2: Spennistöð; Framkvæmdarleyfi.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir 20 m² lóð undir spenni- og rofastöð í landi Hrafnkelsstaða 2 L216611 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi telur sveitarstjórn ekki þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 27. Syðra-Langholt 4: Umsókn um byggingarheimild; vélageymsla.

Erindið sett að nýju fyrir fund. Sótt er um byggingarheimild til að byggja vélageymslu 415,2 m² á jörðinni Syðra-Langholt 4 (L166821) í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að erindið verði grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að erindið verði grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 28. Unnarholt I: Unnarholt 5; Sameining lóða.

Lögð er fram umsókn er varðar sameiningu lóðanna Unnarholts I og Unnarholts 5.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Mál nr. 29. Unnarholt II: Unnarholt 3 og Unnarholt 4; Sameining lóða.

Lögð er fram umsókn er varðar sameiningu lóðanna Unnarholts II, Unnarholts 3 og Unnarholts 4.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

Mál nr. 32. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. nóvember sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 5. nóvember sl.

4. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 129. fundar stjórnar frá 13. október 2025.

Lögð fram fundargerð 129. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

HA
ART
JCS
BL

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs. : Fundargerð aðalfundar frá 24. október 2025.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 249. fundar frá 4. nóvember 2025

Lögð fram fundargerð 249. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

7. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 338. fundar frá 22. október 2025.

Lögð fram fundargerð 338. fundar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. Tónlistarskóli Árnesinga bs.: Fundargerð aðalfundar frá 14. október 2025.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Tónlistarskóla Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Brunavarnir Árnesinga bs.: Fundargerð aðalfundar frá 14. október 2025.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Brunavarna Árnesinga bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

10. Héraðsnefnd Árnesinga bs. Fundargerð 35. fundar frá 14. október 2025.

-Ásamt:

Samþykkt fyrir Listasafn Árnesinga bs., til fyrri umræðu.

Samþykkt fyrir Byggðasafn Árnesinga bs., til fyrri umræðu.

Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga bs., til fyrri umræðu.

Lögð fram fundargerð 35. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs. ásamt tillögum að samþykktum fyrir Listasafn Árnesinga bs., Byggðasafns Árnesinga bs. og Héraðsskjalasafn Árnesinga bs., til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögum að samþykktum fyrir Listasafn Árnesinga bs, Byggðasafn Árnesinga bs. og Héraðsskjalasafn Árnesinga bs. til síðari umræðu.

Fundargerðin að öðru leiti lögð fram til kynningar.

11. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 3. stjórnarfundar frá 10. nóvember 2025.

Lögð fram fundargerð 3. stjórnarfundar Markaðsstofu Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

12. SASS: Fundargerð 629. fundar stjórnar frá 22. október 2025.

Lögð fram fundargerð 629. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

13. SASS: Fundargerð aðalfundar frá 23. – 24. október 2025.

-Ásamt skýrslu frá Ársþingi SASS, „Sameinuð um Suðurland“.

Lögð fram fundargerð aðalfundar SASS ásamt skýrslu frá Ársþingi SASS.

Fundargerðin ásamt ársskýrslu lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn gerir athugasemd við bókun vegna tillögu Umhverfisnefndar nr. 3 um kortlagningu náttúruvár á Suðurlandi en það er skilningur sveitarstjórnar að tillagan hafi ekki verið

127 DGS ART B2

samþykkt eins og ranglega kemur fram í fundargerð heldur var tillögunni vísað frá. Sveitarstjórn óskar eftir því að stjórn SASS kanni hvort að þessi skilningur fulltrúa Hrunamanna sé réttur.

Erindi til sveitarstjórnar:

14. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 13. nóvember 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 229. mál – Verndar- og orkunýtingaráætlun og raforkulög.

Lagt fram til kynningar.

15. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 13. nóvember 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 237. mál – Breyting á þingsályktun nr. 24/152 um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Lagt fram til kynningar.

16. Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 14. nóvember 2025.

Lögð fram Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 175. mál – Innleiðing landsbyggðarmats í stefnumótun og lagasetningu stjórnvalda.

Lagt fram til kynningar.

17. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 17. nóvember 2025.

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna íbúðarbyggðar í dreifbýli og nýrrar íbúðarbyggðar í Birkibýggð.

Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa og skipulagshönnuði að svara erindinu að höfðu samráði við fulltrúa sveitarfélagsins í skipulagsnefnd.

18. Bréf frá UMFÍ frá 13. nóvember 2025.

Lagt fram bréf frá UMFÍ þar sem skorað er á ríki og sveitarfélög, að efla lýðheilsu þjóðarinnar með því að hrinda af stað þjóðarátaki í lýðheilsu og forvörnum, þar sem kraftar íþróttar- og ungmennafélagshreyfingarinnar verða nýttir til fulls. Áhersla skal lögð á að styrkja þátttöku og aðstöðu fyrir: íþróttir barna og ungmenna, hreyfingu og íþróttastarf fullorðinna, heilsueflandi æfingar fyrir eldri borgara og aukna fræðslu í tengslum við forvarnir.

Sveitarstjórn tekur undir áskoranir félagsins enda hefur hér verið lagður metnaður í uppbyggingu á mannvirkjum og umhverfi sem nýst getur til heilsueflingar og verið til ánægjuauka fyrir íbúa og gesti sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun næsta árs sem og í þriggja ára áætlun eru settir fjármunir til enn frekari uppbyggingar göngustíga og útivistarsvæða. Erindið er lagt fram til kynningar.

19. Bréf frá Sigurhæðum frá 12. nóvember 2025.

Lagt fram bréf frá Sigurhæðum þar sem þakkað er fyrir stuðning og gefandi samstarf í þágu skjólstaðinga SIGURHÆÐA um leið og óskað er eftir stuðningi við starfsemina fyrir næsta ár. En sveitarstjórnarstigið á Suðurlandi fjármagnar þriðjung af kostnaðaráætlun hvers árs og er kostnaðaráætlun fyrir árið 2026 kr. 68.240.000. Sótt er um styrk til rekstrarins frá Hrunamannahreppi.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 250.000,-.

Handwritten signatures in blue ink: DCS, ART, and others.

20. **Bréf vegna verkefnisins Lýðræðisleg þátttaka innflytjenda í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga, frá 28. október 2025.**

Lögð fram kynning á verkefninu Lýðræðisleg þátttaka innflytjenda í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu og felur sveitarstjóri að fylgja því eftir.

21. **Bréf frá formanni Hestamannafélagsins Jökuls frá 11. nóvember 2025.**

Lagt fram bréf frá formanni Hestamannafélagsins Jökuls þar sem óskað er eftir fundi til að ræða næstu skref í undirbúningsvinnu vegna félagshesthúss.

Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að ræða við fulltrúa félagsins um málið.

22. **Minnisblað frá sveitarstjóra varðandi Hrunamannahrepp – vegir og umferð. –Ásamt svari frá Vegagerðinni.**

Lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra varðandi Hrunamannahrepp – vegir og umferð. Í minnisblaðinu koma fram athugasemdir vegna vetrarþjónustu og viðhalds vega í sveitarfélaginu. Í svari Vegagerðarinnar koma fram ítarlegar upplýsingar um þjónustu og stöðu verkefna.

Sveitarstjórn þakkar greinargóð svör og mun áfram fylgja þessum málefnum fast eftir bæði við þingmenn sem og Vegagerðina.

23. **Úthlutun lóða.**

Fyrir fundinum liggja umsóknir um lóðirnar Röðulstanga 5-11 og Röðulstanga 16.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta PreFast International AB/PreFast Island lóðunum Röðulstanga 5-11 og Röðulstanga 16 enda uppfylli umsækjandi skilyrði sveitarfélagsins um lóðarúthlutun.

24. **Breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings til síðari umræðu.**

Lagðar fram til síðari umræðu breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytingar á stofnsamningi Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings.

25. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 4. desember, kl.14:00.

Fjárhagsleg málefni:

26. **Viðauki 3 við fjárhagsáætlun ársins 2025.**

Lagður fram viðauki 3 við fjárhagsáætlun ársins 2025.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann samhljóða en þar er gert ráð fyrir breytingum á lánum vegna þess að ekki er gert ráð fyrir að taka langtímalán á árinu en skammtímalán hefur verið tekið sem yfirdráttur nýttur. Einnig samþykkt tillaga endurskoðenda um að byggðasamlög sem stærðar sinnar vegna hafa óveruleg áhrif á stöðu sveitarfélagsins verði ekki tekin með í fjárhagsáætlun.

27. **Minnisblað frá Lotu varðandi verðkönnun á smásölu raforku.**

Lagt fram minnisblað frá Lotu varðandi verðkönnun sem gerð var fyrir Hrunamannahrepp á smásölu raforku fyrir sveitarfélagið og Hitaveitu Flúða. Verðkönnunin var send 9 smásölum á sviði raforku en 5 aðilar sendu inn tilboð.

H4 ARJ DCS JJS BL

Straumlind var með lágsta tilboð og var það umtalsvert undir núverandi taxta eða 24%.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gengið verði að tilboði Straumlindar um raforkukaup.

28. Tillaga um útsvar og fasteignagjöld Hrunamannahrepps 2026.

Eftirfarandi forsendur vegna fjárhagsáætlunar ársins 2026 lagðar fram til samþykktar:

Álagningarprósenta útsvars 2026:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útsvarsprósenta Hrunamannahrepps árið 2025 verði 14,97%.

Álagningarhlutfall fasteignaskatts 2026:

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að álagningarprósenta fasteignaskatta verði sem hér segir:

Fasteignaskattur á húsnæði í A-flokki verður 0,44% lækkar úr 0,45%.

Fasteignaskattur á húsnæði í B-flokki verður 1,32%

Fasteignaskattur á húsnæði í C-flokki verður 1,32%

Viðmiðunarupphæðir vegna tekjutengds afsláttar eldri borgara og öryrkja verða lagðar fram á fundi sveitarstjórnar í desember.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að lóðarleiga íbúðar- og sumarhúsa í A-flokki, opinberra bygginga í B flokki og atvinnuhúsnæðis í C flokki verði 0,5% af lóðarhlutamati sbr. lóðaleigusamninga á árinu 2025.

29. Gjaldskrá fyrir fráveitur, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir fráveitur til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

30. Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

31. Gjaldskrá fyrir vatnsveitu, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá fyrir vatnsveitu til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

32. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Lögð fram gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

33. Gjaldskrá Hrunaljóss, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til síðari umræðu.

34. Gjaldskrá Leikskólans Undralands Flúðum.

Lögð fram gjaldskrá Leikskólans Undralands Flúðum

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá Leikskólans Undralands á Flúðum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að heimgreiðslur til foreldra og

Handwritten signatures and initials in purple ink, including "DCS", "JB", "BL", and other illegible marks.

forráðamanna barna eldri en 12 mánaða sem eru á biðlista eftir leikskólaplássi verði 125.000,- á mánuði þar til barni býðst leikskóladvöl.

35. Gjaldskrá fyrir mötuneyti Flúðaskóla, Skólasel og Frístund.

Lögð fram gjaldskrá fyrir mötuneyti Flúðaskóla, Skólasel og Frístund

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða gjaldskrá fyrir mötuneyti Flúðaskóla, Skólasel og Frístund.

36. Gjaldskrá íþróttamannvirkja Hrunamannahrepps.

Lögð fram gjaldskrá íþróttamannvirkja Hrunamannahrepps

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða gjaldskrá fyrir íþróttamannvirki Hrunamannahrepps. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að frístundastyrkur verði 57.500,- pr. barn á árinu 2026. Styrkurinn fæst greiddur vegna þátttöku barna á aldrinum 0-18 ára í íþrótt-, lista- og tómstundastarfi hvort sem slíkt er stundað innan Hrunamannahrepps eða utan.

37. Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps A og B hluta, Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss 2025 ásamt þriggja ára áætlun, fyrri umræða.

-Ásamt tillögu að fjárfestingum Hrunamannahrepps A og B hluta, Hitaveitu og Hrunaljóss 2026-2029.

Lögð fram fjárhagsáætlun 2026 fyrir Hrunamannahrepp, Hitaveitu Flúða og Hrunaljós ásamt þriggja ára áætlun, til fyrri umræðu. Einnig er lögð fyrir tillaga að fjárfestingum Hrunamannahrepps A og B hluta, Hitaveitu og Hrunaljóss fyrir árin 2026-2029.


Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps, Hitaveitu Flúða og Hrunaljóss 2026, ásamt þriggja ára áætlun og tillögum að fjárfestingum til síðari umræðu.

Mál til kynningar:

38. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 988. fundar stjórnar frá 31.10.2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:58


Bjarney Vigdís
Alexandra Ros Jóhannsd.
Dáði Geir Samúelsson
Hanna Þorsteins
Alfheiður Þorsteins